



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 128/379

komudagur 2.12.2002

Iðnaðarnefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 28. nóvember 2002

Alpýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til endurreisnar íslenskum skipaiðnaði, 38. mál.

Þar er lagt til að skipuð verði nefnd til að gera tillögur um aðgerðir til endurreisnar íslenskum skipaiðnaði og verði sérstök áhersla lögð á aðgerðir til að bæta samkeppnisskilyrði greinarinnar, að efla menntun fagfólks og styrkja rannsóknir og þróunarstarf í skipaiðnaði og tengdum greinum. Alpýðusamband Íslands styður tillöguna og þau markmið sem nefndinni er ætlað vinna að.

Meðfylgjandi er ályktun miðstjórnar Alpýðusambands Íslands um skipasmíðaiðnað á Íslandi frá 21. febrúar 2001.

Virðingarfyllst,
f.h. Alpýðusambands Íslands

Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdarstjóri ASÍ

Ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands

21. febrúar 2001

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands varar við því að framtíð skipaiðnaðarins í landinu sé stefnt í hættu. Hverfi þekking og hæfni á sviði skipasmíða og –viðgerða hér á landi vegna útflutnings allra stærri verkefna mun það hafa alvarlegar afleiðingar, bæði fyrir skipaútgerð í landinu og þjóðarbúið í heild.

Þegar ákvörðun var tekin um láta viðgerðir á varðskipunum Ægi og Tý fara fram erlendis í stað þess að ganga til samninga við íslenskt fyrirtæki var það gert á grundvelli þess að sjö milljónum króna munaði á beinum kostnaði samkvæmt tilboði.

Ekki verður séð að Ríkiskaup hafi gert neina tilraun til að meta þann fjárhagslega ávinning sem ríkissjóður og þjóðarbúið í heild hefðu haft af því að láta viðgerðina fara fram hér á landi. Bent hefur verið á að stór hluti af kostnaði við stærri verk verði eftir hér á landi vegna þátta á borð við beina og óbeina skatta.

Í bréfi Félags járníðnaðarmanna til Ríkiskaupa var sérstaklega spurt hvort reiknað hafi verið með þjóðhagslegri hagkvæmni þess að láta vinna verkið hér á landi þegar tilboð frá erlendum og innlendum aðilum voru borin saman. Við þeirri spurningu hefur ekki fengist svar.

Þetta mál og þögn iðnaðarráðherra vekur spurningar um stefnu stjórnvalda í atvinnumálum heilu starfsgreinanna. Hvers virði er það útgerðarþjóðinni að hér fái þrífist skipaiðnaður þar sem til staðar er verkþekking og hæfni til að sinna bæði nýsmíðaverkefnum og viðhaldi?

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands tekur undir gagnrýni og ábendingar Félags járníðnaðarmanna, Samiðnar og Samtaka iðnaðarins og væntir þess að skýr svör fái um framkvæmd og mat útboða og samhengi þess við atvinnustefnu stjórnvalda.



Bygðastofnun
Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 128/596
komudagur 9.12.2002

Dagsetning
05.12.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Bygðastofnun hefur borist erindi Iðnaðarnefndar Alþingis varðandi umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurreisn íslensks skipaiðnaðar, 38.mál.


Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni, og miðast umsögnin við það. Tekið skal fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Bygðastofnun telur eðlilegt að kannaðar verði leiðir til eflingar skipasmíðaiðnaðar í landinu í samráði við forustumenn greinarinnar.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að fyrir liggur sameiginleg úttekt iðnaðarráðaneytis, Samtaka iðnaðarins og Málmis, sem er félag fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði. Úttektin lá fyrir síðasta sumar og var greinargerðin kynnt í september sl.

Virðingarfyllst


Bjarki Jóhannesson
forstöðumaður Próunarsviðs


Guðmundur Guðmundsson
ráðgjafi

Alþingi
Erindi nr. P 128/638
komudagur 12.12.2002

Iðntæknistofnun 

IÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS

Keldnaholti, 112 Reykjavík
Heimasíða: <http://www.iti.is>
Sími 570 7100
Bréfasími 570 7111

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. des. 2002
0AA7000-52.01 HAJ/aó


**Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til endurreisnar íslensks skipaiðnaðar,
38. mál**

Iðntæknistofnun telur að þróun málmíðnaðar og tengdra greina sé mikilvæg til að auka fjölbreytni í efnahagsþróun, en málmíðnaður er auk þess nauðsynlg þjónustugrein.

Mikilvægt er að beita sér fyrir almennum aðgerðum, t.d. þar sem stutt er við menntun, þjálfun og ný verkefni, þar sem þróunarþáttur er mikilvægur. Málmíðnaður sem stoðgrein við aðrar greinar, s.s. stóriðju, er ótvíræð.

Hvort skipaiðnaður á sérstaklega að fá skoðun er pólitískt mál sem ekki er tekin afstaða til. Hins vegar er ánægjulegt að sjá hvernig fyrirtæki eins og Ósey í Hafnarfirði þróast í alþjóðlegri samkeppni.

Virðingarfyllt,


Hallgrímur Jónasson,
forstjóri

Iðnaðarnefnd Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 4. des. 2002

Umsögn Samiðnar um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til endurreisnar íslenskum skipaiðnaði, 38 mál.


Samiðn fagnar framkominni þingsályktun og hvetur til þess að hún verði samþykkt á yfirstandandi þingi. Eins og allkunna er hefur íslenskur skipaiðnaður átt í erfiðleikum og hefur nýsmíði dregist verulega saman. Nú er svo komið að aðeins eitt fyrirtæki stundar nýsmíði í einhverjum mæli.

Íslenskur skipaiðnaður er mikilvæg atvinnugrein vegna þjónustu við fiskiskipaflotann og þeirra miklu margfeldis áhrifa sem hann hefur á óbein störf. Einnig er rétt að benda á þær auknu tekjur sem opinberir aðilar fengju af sköttum þeirra starfsmanna sem vinna myndu við íslenskan skipaiðnað samhliða því að sköpuð væri skilyrði fyrir íslenskan skipaiðnað að fá í auknum mæli verkefni til sín.

Forsenda þess að íslenskur skipaiðnaður geti þróast og staðist erlenda samkeppni er að auka hagstæða og lipra fjármögnun verkefna og trygginga vegna útflutnings og samningsgerðar. Sérstaklega er mikilvægt að hugað verði að ábyrgðum til skamms tíma.

Það er því mikilvægt að brugðist verði fljótt við og skapaðar aðstæður til þess að hægt sé að stunda hér á landi öflugan skipaiðnað. Samiðn lýsir sig reiðubúin til samstarfs og leggur áherslu á að eiga aðild að fyrirhugaðri nefnd ef þingsályktunin verður samþykkt.

F.h. Samiðnar



Þorbjörn Guðmundsson

Alþingi
Erindi nr. P 128/494
komudagur 4.12.2002



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Iðnaðarnefnd
Við Austurvöll

150 Reykjavík

HGS/AA

Rvk. 3.12.2002

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um aðgerðir til endurreisnar íslenskum skipaiðnaði, 38. mál.

Tillaga þessi er endurflutt frá síðasta þingi. Samtök atvinnulífsins sendu nefndinni umsögn um hana þann 11.3 2002 og er vísað til hennar.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Iðnaðarnefnd
Nefndasvið Alþingis

150 Reykjavík

Rvk. 11.3.2002

Efni: Tillaga til þingsályktunar um endurreisn íslensk skipaiðnaðar, 306. mál.

Samtök atvinnulífsins taka undir áhyggjur flytjenda tillögunnar af slæmri stöðu skipaiðnaðarins. Ljóst er að við ramman reip er að draga þar sem ýmis samkeppnisríki niðurgreiða þennan iðnað, bæði leynt og ljóst, eins og segir í greinargerð.

Á næstunni lýkur úttekt á starfsskilyrðum skipaiðnaðarins í samanburði við önnur lönd innan ESB á vegum iðnaðarráðuneytisins, Samtaka iðnaðarins og Málms. Búast má við að niðurstöður þess starfs verði tillögur sem lúta að bættri samkeppnisstöðu greinarinnar. Það er því álitamál hvort nefndarskipan sú sem lögð er til sé óþörf þar sem tillögur í þá veru sem nefndinni er ætlað að fjalla um eru í vinnslu á öðrum vettvangi.

Það kann að þykja rétt að stofna nefnd til að hrinda tillögum framangreinds samstarfsvettvangs í framkvæmd. Ef svo fer telja SA réttara að samsetning nefndarinnar verði á annan veg en tillagan gerir ráð fyrir, sem eru sex fulltrúar hins opinbera og tveir úr atvinnulífinu.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Iðnaðarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 04.12.02

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til endur-
reisnar íslenskum skipaiðnaði, 38. mál.**

Samtök iðnaðarins og Málmur – samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði lýsa ánægju með þann áhuga á málefnum íslensks skipaiðnaðar sem fram kemur í ofangreindri tillögu til þingsályktunar.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni var samskonar tillaga flutt á síðasta þingi. Í umsögn samtakanna frá 11.03.02 var þess getið að verið væri að ljúka viðamikilli úttekt á starfsskilyrðum skipaiðnaðarins í samanburði við önnur lönd innan ESB. Þess var jafnframt getið að í ljósi hennar yrðu gerðar tillögur um aðgerðir á einstökum sviðum sem lúta að því að bæta starfsumhverfið og jafna það í samræmi við umhverfi erlendra keppinauta. Einnig var sagt að kynntar yrðu nauðsynlegar aðgerðir innan fyrirtækjanna sjálfra til að bæta rekstur og menntun starfsfólks.

Umræddri úttekt er lokið og niðurstöður hennar voru gefnar út í skýrslu í september síðastliðnum. Þar er saman kominn mikill fróðleikur um samkeppnisstöðuna og gerð grein fyrir tillögum í fimm liðum sem lagt er til að unnið verði að til að efla þessa starfsgrein og treysta í harðri alþjóðlegri samkeppni. Um þessar mundir vinnur fjögurra manna nefnd skipaiðnaðarfyrirtækja að því að útfæra verkefni sem byggjast á ofangreindum tillögum. Þeirri vinnu lýkur von bráðar og verða fullmót- aðar verkefnatillögur þá kynntar iðnaðarráðherra. Þegar þeirri vinnu lýkur ríður á að koma þeim í framkvæmd.

Eins og gefur að skilja veltur á miklu að gott samstarf takist við löggjafann og framkvæmdavaldið um að hrinda þessum tillögum í framkvæmd enda þjóðarnauðsyn að endurreisa íslenskan skipaiðnað eins og flutningsmenn þingsályktunarinnar leggja áherslu á. Eflaust yrði það styrkur fyrir málefnið að löggjafinn fæli ríkisstjórninni að skipa nefnd til að hafa yfirumsjón með verkefnum og aðgerðum sem samstaða næðist um að vinna að. Þar með væru tekin af öll tvímæli um að löggjafarvaldið, framkvæmdavaldið, hagsmunasamtök skipaiðnaðarins og starfsmanna hans ætli að tryggja framtíð öflugs og blómlegs skipaiðnaðar hér á landi.

**Samtök iðnaðarins,
Málmur** – samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði


Ingólfur Sverrisson
deildarstjóri